



Atvinnuveganefnd Alþingis

Nefndasvið

Umsögn Valorku ehf um þskj 273 - 244. mál:

Þingsályktunartillögu um breytingu á þtl um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða

Valorka ehf gerir eftirfarandi athugasemdir við tillöguna og framsetningu hennar:

Hér er lagt til að færa einn virkjanakost vatnsfalla, svokallaða Hvammsvirkjun í Þjórsá, úr biðflokki í nýtingarflokk. Valorka hefur ekki, fremur en flestir landsmenn, í höndum ítarlegar forsendur til að meta þörf þessarar tilfærslu, þó ljóst sé að hún liggur fremur í uppbyggingu orkufreks iðnaðar en heimilisnotkun. Sú þörf þarf að vera afar brýn ef hún á að réttlæta þau náttúruspjöll sem stíflun vatnsvalla hefur jafnan í för með sér. Við afgreiðslu þessarar tillögu er brýn þörf á að Alþingi hugi að heildarskipulagi og framtíðarsýn í íslenskum orkumálum. Eðlilegra væri að tillaga sem þessi kæmi fram sem á grunni markmiðssettrar orkuáætlunar og heildstæðs auðlindamats, en hvorugt er enn fyrir hendi hérlendis.

Engin heildarstefna í orkumálum liggur fyrir að hálfu íslenskra stjórnvalda, ef frá er talin sú flokkun orkukosta vatnsafls og jarðhita sem nefnd hefur verið „rammaáætlun“ og sagnfræðiritgerðin sem stjórnvöld létu vinna fyrir fáum árum og ranglega er nefnt „Orkustefna“. Í hvorugu plagginu er að finna neina makrmiðssetningu um orkuöflun til framtíðar eða samsetningu orkuöflunar með tilliti til annarra auðlinda. Þar er ekki heldur fjallað um aðrar nýtanlegar orkuauðlindir en vatnsföll og jarðhita. Þetta er nauðsynlegt að draga hér fram, þar sem heildarstefna í orkumálum kemur þessari þingsályktun verulega við. Vart verður unað við það lengur að framkvæmt sé áfram í blindni í orkumálum, án nokkurrar langtíma markmiðssetningar og án þess að af kostgæfni sé hugað að öðrum orkuauðlindum en þeim sem eru á starfssviði Landsvirkjunar. Gerðir stjórnvalda í orkumálum hafa mótast um of af þörfum þess fyrirtækis, og hefur það bitnað á öðrum þáttum.

Sjávarorka er gríðarlega umfangsmikil og vannýtt auðlind í eigu íslensku þjóðarinnar. Hana er að finna allt í kringum landið. Tækni til nýtingar þessarar auðlindar er í hraðri þróun og íslensk tækni Valorku ehf er þar í fremstu röð. Valorka hefur lengi bent stjórnvöldum á nauðsyn þess að rannsaka umfang og nýtingarmöguleika þessarar miklu auðlindar, til að unnt sé að skipuleggja nýtingu hennar og til að unnt sé að halda áfram þróun á því sviði. Samþykkti Alþingi einum rómi sl.vor þingsályktunartillögu sem miðar í þá átt. Hinsvegar er ekki enn að finna neina fjárveitingu til slíkra rannsókna í fyrirliggjandi fjárlagatillögum. Þá hefur verkefni Valorku, eina íslenska verkefnið á sviði sjávarorku og eina hverflaþróunarverkefni Íslendinga, verið í stöðvun allt þetta ár vegna skilningsleysis



stjórnvalda og sjóða á mikilvægi þess og þrátt fyrir að það hafi sýnt fram á raunhæfi sinna viðfangsefna. Klapp á bakið frá ríkisstjórninni í formi yfirlýsingar er þakkarvert og vel þegið, en kemur verkefninu ekki áfram eitt og sér. Landsvirkjun, sem með þessari tillögu mun enn auka tekjumöguleika sína af orkusölu, hefur nýlega neitað skriflega að láta lítið brot af sínum hagnaði af orkusölu úr auðlindum þjóðarinnar renna til stuðnings frumkvöðlastarfsemi í orkutækni. Því hljóta þingmenn að íhuga, um leið og fórnað er enn einni náttúruperla landsins fyrir verðmætasköpun í orkusölu, hvort ekki sé rétt að nýta a.m.k. lítið brot þeirrar verðmætasköpunar til að rannsaka nýjar orkulindir þjóðarinnar og þróa nýjar og verðmætaskapandi tæknilausnir til orkuframleiðslu, sem að auki eru mun umhverfisvænni.

Í tilefni af þessari þingsályktunartillögu er það einnig íhugunarefni að ekki hefur verið framfylgt að fullu fyrri þingsályktunartillögu, um „eflingu græna hagkerfisins“. Þeirri tillögu var að hluta ætlað að styðja við umhverfisvæna starfsemi og vera þannig einskonar mótvægi gegn framkvæmdum sem hafa umhverfisáhrif. Fjárveitingar sem fylgdu til framgangs þeirri tillögu hafa hinsvegar ekki skilað sér í skilgreind verkefni, og t.d. hefur Valorka ehf ekki enn fengið svör við sínum spurningum til viðeigandi ráðuneyta, því viðvíkjandi.

Því væntir Valorka þess, þrátt fyrir að ekki séu efni til að taka afstöðu til þessarar stutturðu tillögu, að Alþingi hugi í meira mæli en verið hefur að heildar- stefnumótun málefna sem varða orku- og umhverfismál til framtíðar. Ekki stefnir til velfarnaðar ef svo er áfram unnið sem hér er til umræðu; að taka einn og einn virkjanakost fyrir og ganga á óafturkræf umhverfisgæði án þess að mótuð sé heildarstefna sem taki til ALLRA orkuauðlinda landsins og skapaðar leiðir til stuðnings við þróun umhverfisvænnar íslenskrar tækni til nýtingar nýrra orkuauðlinda.

Valorka ehf væntir þess að samhliða afgreiðslu þessarar tillögu verði samþykkt framlag á fjárlögum næsta árs til rannsókna á sjávarorku í samræmi við fyrirliggjandi þingsályktun. Tillagan sýnir nauðsyn aukinnar orkuöflunar og sú skylda hvílir á núlifandi kynslóð að frekari orkuöflun verði með eins umhverfisvænum hætti og framast eru tök á.

Ásbrú 04. nóvember 2014

Valdimar Össurason, frkvstj. Valorku ehf